


Júlí 2011 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Þróun minniháttar og meiriháttar líkamsárása, fyrsta hálfu árið 2009 til 2011

Frá árinu 2009 til 2011 var heildarfjöldi, bæði minniháttar og meiriháttar líkamsárása, fyrsta hálfu árið 1.615 talsins. Stærsti hluti líkamsárása flokkast undir minniháttar eða 80%. Á mynd 1 má sjá að meiriháttar líkamsárásur hefur fækkað milli ára. Þær voru 132 árið 2009 en 91 tveimur árum seinna. Þetta jafngildir 31% fækkun. Minniháttar líkamsárásir voru flestar árið 2010 eða 468. Svipaður fjöldi var árin 2009 og 2011 eða rúmlega 400 talsins. Þannig hefur þróun minniháttar líkamsárása verið sveiflukennd en fækkun orðið á meiriháttar líkamsárásurum. Tölur miðast við fyrstu sex mánuði hvers árs.




Mynd 1. Þróun minniháttar og meiriháttar líkamsárása árin 2009 til 2011, fyrstu sex mánuði hvers árs.

Þróun það sem af er ári

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota árin 2009, 2010 og það sem af er 2011. Skráð hegningarlagabrot í júlí á þessu ári voru 1.146 sem er 10% fleiri brot en skráð voru í júní. Það sem af er ári er mesti fjöldi brota í júlí. Samanburður á fjölda brota í júlí 2011 við sama tímabil árið 2009 sýnir að þeim hefur fækkað um 17%. Alls voru 7.109 hegningarlagabrot skráð fyrstu sjö mánuði ársins. Smá sveifla er í þróun hegningarlagabrota milli mánaða en að meðaltali hafa þau verið 237 á viku það sem af er ári.

Samantölur á fjölda brota í helstu brotaflokkum frá janúar til júlí árin 2009, 2010 og 2011 sýnir að fækkun hefur orðið í flestum þessara flokka. Milli áranna 2009 og 2011 varð hlutfallsleg fækkun í öllum brotaflokkum að undanskildum fíkniefnabrotum en þeim fjölgaði um 33%. Mest fækkaði innbrotum eða um 50% og hraðaksturs- og þjófnaðarbrotum um 25%. Líkamsárásur fækkaði hlutfallslega minnst eða um 2%. Í töflu 1 má sjá að þróunin er sveiflukennd í hraðakstursbrotum og líkamsárásurum.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2009, 2010 og það sem af er ári 2011 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar- júlí 2009, 2010 og 2011.

	Jan.-júlí'09	Jan.-júlí '10	Jan.-júlí '11
Hraðakstursbrot	23.915	24.776	17.926
Þjófnaðarbrot	3.097	2.608	2.340
Eignaspjöll	1.879	1.756	1.449
Innbrot	2.153	1.979	1.045
Ölvun við akstur	866	776	731
Fíkniefnabrot	778	913	1.033
Líkamsárás (217.-218. gr.)	631	662	617